






Geimveran

Höfundur: Vala Karen Guðmundsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í textílmennt fyrir 1. - 3. bekk



Aðferð:

Teikna
klippa
líma
næla
sauma í höndum

Áhöld:

- ✓ Sögubókin B2 eftir Sigrúnu Eldjárn
- ✓ Skæri
- ✓ Títuprjónar
- ✓ Límbyssá

Efni:

- ✓ Pappír
- ✓ Litir
- ✓ Málningarlímband
- ✓ Perlur og palliættur
- ✓ Pípuhreinsarar
- ✓ Tróð
- ✓ Filtefni
- ✓ Útsaumsgarn
og auðvitað annað er kemur upp í hugann


Til kennara

Í þessu verkefni fá nemendur að skapa út frá eigin hugarheimi. Einnig fá þeir að kynnst verkferli frá A til Ö, frá hugmynd á blaði til fullunnins verks. Nemendur kynnst hugtökum sem notuð eru í greininni sem og verklagi. Verkefnið er tilvalið til að kynna fyrir nemendum grunnformin og láta þá vinna út frá þeim.


Kveikja: Lesið fyrir nemendur stuttan kafla úr bókinni B2, talið um geimverur, hvar þær eiga heima og hvernig þær líti eiginlega út, t.d. fimm augu, tvo hausu og fjórar hendur. Lesið er uppúr bókinni í hverjum tíma sem verkefnið stendur yfir. Kennari kynnir fyrir nemendum grunnformin, teiknar þau upp og lætur nemendur finna þau í stofunni.

Verklýsing fyrir kennara


- 1 Nemendur fá það verkefni að skapa sína eigin geimveru og nota til þess grunnformin.




- 2 Saumaskapurinn er útskýrður vel og hugtök eins og snið, þræðispor og grunnform notuð.
- 3 Þegar nemendur hafa lokið við að teikna geimveru á blað er hún klippt út og þá er komið snið.



- 4 Þá velja nemendur sér litríkt efni (t.d. filtefni) í hæfilegri stærð. Látið þau leggja sniðið á efnið og næla með tituprjónum eða líma með málningarlímbandi. Best er að hafa efnið einfalt og láta nemendur sníða stykkið tvisvar.



- 5 Næsta skref er að sauma veruna saman með þræðispori (gott er að líma sniðin saman með málningarlímbandi, muna bara að taka límbandið úr áður en tróðið er sett inní). Passa að skilja eftir smá gat fyrir tróðið og sauma fyrir.



- 6 Að lokum eru límdar pallíettur, perlur og tölur sem þjóna þeim tilgangi að vera t.d. takkar, augu, munnur. Best er að líma með límbýssu, láta nemendur raða á en kennari límir.
- 7 Ef veran er með margar hendur eða fætur er hægt að notast við pípuhreinsara, líma þá á milli stykkjanna og saumspora því þau eru oftast í stærri kantinum.
- 8 Í síðasta tímanum gefa þau geimverunni nafn og ákveða einnig hvað stjarnan sem hún kemur frá á að heita. Dæmi um nöfn: Ussssssss, Díó, Addakk og Múmmm, allt er þetta skrifað í vegabréf geimverunnar.
- 9 Og síðast en ekki síst er að útbúa geimfar fyrir geimveruna, það er gert úr álpappír og honum er einfaldlega vöðlað utanum veruna, stundum er hausinn látinn standa uppúr.

